

GJALDSKRÁ

fyrir Drangsnsvatnsveitu, Kaldrananeshreppi.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps hefur sett Drangsnsvatnsveitu eftirfarandi gjaldskrá í samræmi við reglugerð nr. 401/2005, fyrir vatnsveitur sveitarfélaga:

1. gr.

Greiða skal árlega vatnsgjald til Kaldrananeshrepps af öllum fasteignum er notið geta vatns frá vatnsveitunni. Gjaldið skal vera 0,3% af gjaldstofni fasteignagjalds af eignum sem falla undir a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og 0,4% af gjaldstofni eigna sem falla undir b- og c-lið sömu lagagreinar. Hámarksgjald á hverja eign skv. a-lið skal þó vera kr. 25.000. Lágmarksgjald skv. a- og b-lið skal vera kr. 18.000.

2. gr.

Í fyrirtækjum og annars staðar þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnustarfsemi sem þar er rekin eða af öðrum ástæðum skal auk vatnsgjalds greiða sérstakt gjald, aukavatnsgjald kr. 15 fyrir hvern rúmmetra vatns, sbr. reglugerð nr. 401/2005.

Verði mælingu vatnsins eigi komið við skal greiða aukavatnsgjald sem hér segir:

- a) Fiskverkun: kr. 648 fyrir hvert tonn af hráefni sem fer í vinnslu.
- b) Grásleppuhrognaverkun: kr. 480 fyrir hverja verkaða tunnu.
- c) Endurgjald hafnarsjóðs, vegna vatnsnotkunar: kr. 800.000 á ári.

3. gr.

Heimæðagjald skv. reglugerð nr. 401/2005 skal vera kr. 2.000 fyrir hvern rúmmetra húss, miðað við utanmál.

4. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og innheimtu þeirra hagað á sama hátt. Gjald dagar aukavatnsskatts skv 2. mgr. 2. gr. skulu vera ársfjórðungslega, fyrst þann 1. apríl fyrir mánuðina janúar til mars sama ár.

5. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, önnur en vatnsgjald sem reiknast af gjaldstofni fasteignagjalda, miðast við byggingarvísitölu 119,3 stig í desember 2013 og breytist árlega til samræmis við gildandi byggingarvísitölu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps þann 22. október 2018.

Drangnesi, 17. janúar 2019.

F.h. Kaldrananeshrepps,

Jenný Jensdóttir skrifstofustjóri.